

HLAÐVARPINN

HVAÐ ER VERIÐ AÐ GERA?

„Það er enginn vandi að skrifa eitthvað sem enginn skilur“

Gísli Þór Gunnarsson sendi á liðnu hausti frá sér fyrstu skáldsögu sína, „Kærleiksbloðið“ og kom hún út hjá Almenna bókaforlaginu. Ég mætti Gísla á förnum vegi eins og fleiri, þ.e. í Aðalstræti. Ég var á leiðinni að kaupa kók ásamt kollega mínum, „ai“, en Gísli hafði verið að kaupa sér notaða hljómplötu með Neil Diamond.

Við spjöllum nokkra stund saman úti í veðurbliðunni sem ríkti þessa stundina eins og fyrir misskilning og mér hugkvæmdist að nýta spjallið í Hlaðvarpa vikunnar. Við settumst í fyrstu inn á bókasafn Morgunblaðsins sem hefur aðsetur í sama húsi og HV en þegar hungrið fór að sverfa að gengum við yfir í matsöluna á horni Aðalstrætis og Túngötu, annari hæð, og héldum talinu áfram yfir borðum.

— Hvað er verið að gera?

„Ég var að ljúka við nýja skáldsögu um daginn. Ég var upp í Munadarnesi að skrifa hana núna síðast. Hún heitir „Ljótu andarungarnir“, en ég vil ekkert vera að tala um hana núna. Nei ég skal segja þér annað. Ég er á leið til Ísrael í mars. Ég er forvitinn að vita hvernig útkoman er hjá þjóð, sem hefur fengið jafn hroðalega útreið og þeir. Ég hef sterka samkennd með gyðingum.“

— Hvers vegna skrifaðu?

„Það sem ég hef raunverulega verið að gera með þessu er að hreinsa hugann. Markmiðið er að koma sjálfum mér í það jafnvægi, að ég geti speglað hvaða reynslu sem er, án allrar blygðunarsemi og tilfinningasemi. Ég lít á sjálfan mig líkt og brunn, sem hefur ekki verið notaður mjög lengi, vegna þess að auðvitað eru komnar vatnslagnir inn í öll hús. Sumir leika sér að því að kasta steinum niður í brunninn og örfáir fá sér vatn að drekka úr honum. Þar sem vatnið er tært og hreint er stundum hægt að sjá til botns.“

Þeir sem horfa niður í brunninn, sjá þar spegilmynd sína. Ég er ekki kominn til með að segja til um það hvernig hlutirnir eiga



(Ljós. Emília.)

Gísli Þór Gunnarsson.

að vera, eða hvernig þeir voru, heldur hvernig þeir eru. En þú mátt ekki kalla mig rithöfund í viðtalinu. Það myndi alveg eyðileggja mína ímynd. Ég vil ekki ímynda mér að boðskapur minn sé það mikils verður að aðrir þurfi að sjá fyrir mér. Það er meðal annars þess vegna sem ég vil ferðast út í heim og gjarnan suður eftir, því þar er mun ódýrara að lifa, en hér.

Ég vil reyna, í því sem ég skrifa og í þeim lögum sem ég bý til, að vera fullkomlega einlægur. Þegar ég skrifa eyði ég mestum tíma í að finna einföldustu orðin og einföldustu orðasamböndin, sem fólk á best með að skilja.

Það er enginn vandi að skrifa eitthvað sem enginn skilur. En það er vandi að skrifa eitthvað sem er svo einfalt, að allir halda að þeir skilji það, þótt þeir skilji það í raun og veru ekki.“

— Áttu þér einhverjar fyrirmyndir meðal rithöfunda?

„Ja, ég finn til andlegs skyldleika við ýmsa. Til dæmis John Steinbeck, Leonard Cohen og sömuleiðis Guðrúnu Lárusdóttur.“

— Fyrir hverja skrifaðu?

„Ég skrifa handa fólk sem lít-

ur á lífið sem leik, fólk sem er að leita sér að lífsleið til að fleyta því í gegnum boðaföll tilverunnar. Annars er það svo um flest sem ég skrifa að þar eru rifjaðar upp mjög heitar tilfinningar í kyrrþey. Ég, sem persóna, er afleiðing þeirra atburða sem gerast í sögunum mínum.“

— Hefurðu skrifað mikið fyrir utan „Kærleiksbloðið“?

„Ég skrifaði einu sinni leynilögreglusögu fyrir börn. Hún hét „Leynihellirinn“ og birtist sem framhaldssaga í Æskunni árið 1979. Svo bjó ég til sögu handa fimm ára systur minni og ég hef lesið hana fyrir hana svona fimm hundruð sinnum. Hún er þakklátasti áheyrandi sem mér hefur hlotnast.“

Svo kom Kærleiksbloðið í fyrria. Þar er ástin í ýmsum myndum megin þemað. Afleiðingar þess er ást milli foreldra og barns breytist í afskiptaleysi og um ást milli karls og konu. Niðurstaða bókarinnar er eiginlega að það sé einhvers konar víðtækari kærleikur, alheimskærleikur, sem sé nauðsynlegastur til vaxtar og viðgengis mannum.

Það er að vísu ekki í tísku núna að vera heilagur maður, þ.e. stríðsmaður sem berst fyrir háleitu hugsjónum og markmiðum, með orðum og hugarorku, fremur en vopnum. Að ýmsu leyti lít ég á mig sem slíkan mann. Ég samdi lag og ljóð á ensku um slíkan mann. Það heitir: „Hergöngulag þeirra sem neita að berjast.“

Mér dettur í hug í sambandi við það sem ég var að segja ádan um ást milli foreldra og barns, ein samlíking sem ég var að hugsa um í sambandi við uppeldi barna.

Við erum eins og garðyrkjemenn sem látum áburð og steinefni hjá plöntunum, en það er samt ekki nóg. Þær þurfa líka að fá vatn og njóta sólarljóss. Það verður að vera þannig samtvinnuð í uppeldinu, samband barnsins við ást foreldra og kærleika guðs.“



Hótelstjórinn á Hótel Húsavík, Auður Gunnarsdóttir.

Ljós. Hlaðvarpans: Árni Johnsen.

AF LANDSBYGGÐINI:

Hótelstjóraspjall

Þau tíðindi urðu fyrir skömmu norður í Þingeyjarsýslu að Auður Gunnarsdóttir var ráðinn hótelstjóri Hótel Húsavíkur. Þar sem ritstjórn Hlaðvarpans hefur löngum þótt hafa stórt hjarta þegar dreifbýliskjarnarnir eru annars vegar var einum tíðindamanninum gert að slá á þráðinn norður á Húsavík til Auðar og rekja úr henni garnirnar. Var nú fyrst spurð hvernig henni litist á að vera tekin til við stjórn hótelsins.

— Mér líst ágætlega á það — það er hins vegar ekki á áætlan hjá mér að vera í þessu nema til skamms tíma, ég brúa svona bilið þar til góður maður finnst.

Telurðu þig þá ekki góðan mann?

— Ha, nei, það var ekki það sem ég meinti — ég ætlaði mér bara ekki að fara í þetta starf, ég var bara fengin til þess. Ég er búin að starfa hér í 5 ár og komin á það sjötta þannig að þetta er ekkert nýtt fyrir mig.

Er ekki alltaf fullt af fólk hjá ykkur?

— Það er það nú ekki að vetrinum en yfir sumarmánuðina þrjá er hótelid yfirleitt fullnýtt. Svo koma líka margir og gista hér til að fara á skíði — það er ekki nema fimm mínúna gangur frá hótelinu að lyftunni. Það er ljómandi góð aðstaða orðin hér í skíðalöndunum — fjórar lyftur eru í fjallinu, upplýstar brekkur og nýttísku snjótroðari alltaf til taks að halda öllu í góðu lagi. Það er búið að vera mjög gott skíðafæri undanfarið og synd að ekki hafi fleiri notað sér snjóinn.

Hvað kostar að fara í heimsókn til ykkar norður?

— Við erum með sérstaka pakka í gangi í samvinnu við Flugleiðir — helgarpakka og miðvikupakka. Í miðvikupakk-

anum felst flug fram og til baka og þriggja nóttu gisting og kostar hann kr. 986. Helgarpakkarnir eru dýrari. Og svo er hægt að gera fleira hér en renna sér á skíðum. Nú er Leikfélag Húsavíkur t.d. að sýna leikritið Konurnar í Niskavuori og ber mönnum saman um það sé ásjálegt.

bó.



Steinunn Þórarinsdóttir sýnir á Kjarvalsstöðum

STEINUNN Þórarinsdóttir myndlistarmaður opnar í dag sýningu í vesturforsal Kjarvalsstaða. Sýnir hún skúlptúra sem flestir eru unnir í leir, en einnig úr öðrum efnum svo sem gleri gibsi, jární o.fl. Segir hún verk sín vera hugleiðingu um manninn, sem einstakling og hóperu.

Þetta er önnur einkasýning Steinunnar, en áður hefur hún einnig tekið þátt í samsýningum héraendis og erlendis. Hún hóf listnámið sítt árið 1974 í Portsmouth College of Art and Design og lauk síðan BA-prófi frá lista-

deild Portsmouth Polytechnic 1979. Árið eftir var hún gestastúdent við listaakademíuna í Bologna á Ítalíu. Verk Steinunnar Þórarinsdóttur á sýningunni eru flest unnin sl. hálf t.ár og eru þau öll til sölu. Sýningin er opin daglega kl. 14 til 22 og lýkur 14. mars.

Steinunn Þórarinsdóttir er hér við eitt verka sinna á sýningunni í vesturforsal Kjarvalsstaða.


Ljós. KÖE



Hnefaleikarinn í Regnboganum

BANDRÍSKA kvikmyndin „Hnefaleikarinn“ er sýnd í Regnboganum um þessar mundir. Hún fjallar um hnefaleikara, sem tekst að komast á toppinn en kemst að raun um að það er ekki eins auðvelt að fóta sig þar og hann hélt, því ýmis ljón eru á veginum.

Með aðalhlutverk í kvikmyndinni fara Leon Isaac Kennedy, Jayne Kennedy og Muhammad Ali, hinn frægi heimsmeistari í hnefaleikum, sem leikur sjálfan sig. Leikstjóri er George Bowers.



Hér má sjá Leon Isaac Kennedy í hlutverki hnefaleikarans.